

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Samflots bæjarstarfsmannafélaga**

(Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellssýslu, Starfsmannafélag Fjallabyggðar, Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Húsvíkur og Starfsmannafélag Vestmannaeyja)

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Samflots bæjarstarfsmannafélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga, kl. 15, þann 14. janúar 2021.

Mætt voru:

Fulltrúar frá Samfloti bæjarstarfsmannafélaga: Guðbjörn Arngrímsson og Ragnheiður Ása Ingvarsdóttir

Fulltrúar frá SNS: Benedikt Þór Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta mál var tekið fyrir:

**1. Grein 5.9 um ófærð**

Fulltrúar Samflotsins óskuðu eftir umræðu um túlkun á grein 5.9 um ófærð og verklagsreglur sveitarfélags vegna ófærðar.

Í verklagsreglum kemur eftirfarandi m.a. fram:

*„Um sannanlega ófærð er að ræða þegar tilkynning frá almannavörnum eða lögreglu hefur borist til almennings um lokanir eða ófærð. Það á einnig við þegar Vegagerð hefur gefið út upplýsingar um lokanir á vegum, eða flugfélag hefur aflýst flugi vegna veðurskilyrða (þó skal þá kanna hvort landleið sé fær). **Ef um óvissustig er að ræða, þá skal starfsmaður mæta til vinnu, ella taka launalaust leyfi.** „*

Rætt var um að skýra þurfi betur hvað átt er við með orðinu óvissustig. Aðilar eru sammála um að ef um er að ræða óvissustig á leið starfsmanns til og frá vinnustað og til þess bær yfirvöld mælast gegn því að fólk sé á ferðinni þá er mikilvægt að vinnuveitandi taki tillit til þess.

SNS mun hafa samband við viðkomandi sveitarfélag vegna málsins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:45.